



Fulltrúaráð Sjómannadagsins

Í REYKJAVÍK OG HAFNARFIRÐI

Hrafnista
REYKJAVÍK, 5. febr. 1990

Alþingi

Erindi nr. P 113 / 554

komudagur 8/2 1991

Allsherjarnefnd Efri deildar
Alþingi

Hr. formaður Jóhann Einvarðsson

Hr. formaður

Með hliðsjón af frumvarpi því sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um stofnun nýs happdrættis viljum við vara við því aukna álagi sem kemur inn á hinn takmarkaða markað sem sala happdrættismiða hlýtur að hafa hér á landi.

Öll þau happdrætti sem nú starfa hér á landi eru í þágu mannúðar- og menningarmála.

Við í samtökum sjómanna - Sjómannadagsráði, höfum sem skjólstæðinga nær eittþúsund aldraða í Hrafnistu, Reykjavík, Hafnarfirði, Boðahlein og Naustahlein í Garðabæ í Skjóli og nú að hausti við Jökulgrunn í Reykjavík.

Ef lögvernduð happdrætti hér á landi verða m. a. til að kosta spil manna, svo sem bridge, billiard og skák, má búast við að þau fyrrnefndu verði undir í samkeppninni. Okkar samtökum finnst mjög fjarri að fjármagna nauðsynlegt öryggismál í þjóðfélaginu með happdrættum nema unnið sé að áfangamálum

Fyrir hönd stjórnar okkar fer ég fram á að lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna frá 1973 no. 16, verði breytt á þann veg að við upptalningu þá sem er í l. gr. bætist " og skuldabréf ríkissjóðs ".

Með vinsemd og virðingu
F.h. stjórnar Fulltrúaráðs
Sjómannadagsins í Reykjavík
og Hafnarfirði

Pétur Sigurðsson formaður